

REGLUGERÐ

1

2. jan.

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupsheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz 1947, og gildir sú innkaupsheimild til 31. marz n. k. og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37, 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. janúar 1947.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

2

8. jan.

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Síðari málsgr. 7. töluliðs 22. gr. falli niður.

2. gr.

Síðari málsliður 2. málsgr. 25. gr. falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 9. jan. 1935.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1947.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

3

9. jan.

um vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvolhrepps hefur einkaleyfi til umráða og starfrækslu á vatnsveitufyrirtæki Stórólshvolshverfis á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

Vatnsveitusvæðið er Stórólshvolshverfi og nærliggjandi fasteignir.